

að í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1908: Hlutfélagið C. Mollerups Maskinfabrik
í Kaupmannahöfn
gegn
Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Seyðisfjarðar-kaupstaðar af hálfu áfrýjanda gegn hinum stefnda, Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði, til að fá hann skyldaðan til að greiða andvirði steinolíumótors, er áfrýjandi sendi honum til Íslands, ásamt váttryggingargjaldi á honum þangað, en með dómi nefnds réttar 30. desember 1907 var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Nokkur móðgunaryrði um málsfærslumann áfrýjanda í varnarskjölum stefnda voru og með dómnum dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 25. maí 1908 og krafist þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða honum verð umrædds mótors ásamt váttryggingu á honum til Seyðisfjarðar, kr. 816,25 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 18. marz

1907 til borgunardags, að stefndi verði dæmdur í hæflega sekt fyrir hin ærumeiðandi ummæli hans um málsfærslumann áfrýjanda í varnarskjölunum fyrir undirréttinum, og ómerking meiddyrðanna staðfest, og að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir báðum réttum. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum atriðum og stefnda dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfir dómsins.

Haustið 1903 virðist C. Mollerups Maskinfabrik í Esbjerg, sem hlutafélagið, áfrýjandi þessa máls, tók síðar við einkasölu fyrir, hafa leitast fyrir um það á Austurlandi, að fá umboðsmann þar til að selja steinólumótora fyrir verksmiðjuna, en þetta varð til þess, að stefndi sneri sér til verksmiðjunnar með bréfi 28. nóvbr. 1903, og bauðst til að taka við slíku umboði fyrir hana; þó setti hann það upp áður, til þess að hann gæti gengið úr skugga um það, að mótorararnir væru sterkir og af góðri gerð, að verksmiðjan sendi sér í maí árið eftir (1904) tveggja hesta bátamótor, 8—900 kr. virði, er hann ætlaði að setja í fiskibát og kaupa í félagi við aðra menn; kvaðst hann skyldi borga mótorinn, er hann hefði reynt hann um tíma til fiskiveiða og hann gæfist vel. Verksmiðjan svaraði bréfi þessu 6. janúar 1904, og kvaðst mundi senda stefnda hinn umheðna mótor á tilnefndum tíma og kostaði hann 900 kr., en stefndi fengi í sölu-laun af honum 10⁰/₁₀, ef borgaðar væri innan þriggja mánaða, og ef stefnda líkaði ekki mótorinn, mætti hann endursenda hann innan þriggja mánaða frá móttöku. Þessu bréfi svarar stefndi aftur 14. marz s. á., þakkar áfrýjanda fyrir, að hann hafi gengið að uppástungu sinni

og biður hann að senda sér mótórinna með Vestu, er fari frá Khöfn 15. apríl s. á. Þennan dag sendi síðan áfrýjandi mótórinna til stefnda ásamt reikningi fyrir verð hans $900 \text{ kr.} \div 10\% = 810 \text{ kr.}$ og váttryggingu 6 kr. 25 aur. eða samtals 816 kr. 25 a., og viðurkendi stefndi móttökuna með bréfi 11. maí s. á. Eftir þetta fóru engin skeyti á milli málsaðila alt til hausts, en þá þótti áfrýjanda dragast úr hófi með borgun mótorsins og skrifaði stefnda 15. septbr. og minti hann á, að hann hefði átt að gjöra annaðhvort innan þriggja mánaða, að borga mótórinna eða hafa skilað honum aftur, en nú væri hann búinn að halda honum hátt á 5. mánuð. Bréfi þessu svaraði stefndi 22. okt. s. á., og segir nú að mótórinna hafi reynst alt annað en vel, það hafi strax brotnað stykki í honum, og hann sé úr ónýtu efni og jafnvel gamall, og vill stefndi fá að skila honum aftur. Þar sem nú stefndi ekki vildi borga mótórinna, fór svo eftir nokkur frekari bréfavíðskifti, að áfrýjandinn höfðaði mál þetta gegn honum, og fór það sem fyrir segir.

Það sést af málinu, að skömmu eftir að stefndi fékk umræddan mótór, í maí 1904, lét hann setja hann í bát sinn, og reyndi að halda bátinum úti til fiskjar, en mótórinna gekk þá ekki svo, að það væri hægt, og var þá hætt við það. En báturinn með mótörnum var notaður öðru hvoru um sumarið til flutninga innan-fjarðar, og þótti þó eigi reynast vel til þess heldur.

Stefndi hefir haldið því fram, að sér hafi verið sendur brúkaður, gamall mótór í stað nýs, og að mótórinna hafi verið úr ónýtu efni og stykkinn í honum ekki átt saman. Hann telur sig því hafa verið svikinn á mótörnum og sé áfrýjandi skyldur að taka við honum aftur, en

hann sé ekki skyldur að borga hann. Stefndi hefir þó ekki sannað það, að mótorinn hafi verið brúkaður, gamall mótör eða úr ónýtu efni, eða að þeir gallar hafi verið á honum, er áfrýjanda verði kent um, eða afsaki það atferli stefnda, að hann gjörði áfrýjanda ekkert aðvart um gallana eða kvartaði yfir þeim, heldur hélt mótörum þegjandi og notaði hann áfram, fram yfir hinn tiltekna tíma, sem hann mátti hafa hann til reynslu.

Um suma galla þá, er fram komu á mótörnum, getur einnig eðlilega verið um að kenna innsetningu mótörsins í bátinn, sem gjörð var af óvönnum mönnum. En mótorinn var reyndur af verksmiðjunni áður en hann var sendur, og gekk þá vel og áleizt ógallaður, enda er líklegt að áfrýjandi hafi eigi hirt um að senda ónýtan mótör til reynslu, er hann vildi koma á sölu á vöru sinni.

Aðalatriðið er þó hitt, sem augljóst er af undangengnum bréfaviðskiftum málsaðila, að stefndi hefir gengið að, að hann átti að borga mótorinn, ef hann ekki skilaði honum aftur innan 3 mánaða frá mótöku hans, og með því að hann gjörði það eigi, og fekk eigi heldur frekari frest hjá áfrýjanda til að reyna mótorinn, eða ákvarða sig um kaupin, þá verður að dæma hann til að greiða áfrýjanda verð mótörsins ásamt váttryggingargjaldi og vöxtum, alt eftir kröfu áfrýjanda og breyta dómnum að því leyti.

Yfirdómurinn finnur ekki næga ástæðu til að sekta stefnda fyrir þessi ummæli í varnarskjali hans fyrir aukaréttinum: »Og enn meiri furðu gegnir það þó, að til skuli vera sá Íslendingur, sem vill leggja sig í framkróka til þess að hjálpa þessum útlendingum til þess að hafa

ranglega fé út af landsmanni sínum, en ómerking ummæla þessara í aukaréttardóminum stendur óröskuð. Það þykir rétt að stefndi greiði áfryjanda í málskostnað fyrir báðum dómum 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Stefán Th. Jónsson kaupmaður greiði áfryjanda, hlutafélaginu C. Mollerups Maskinfabrik í Kaupmannahöfn 816 kr. 25. a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 18. marz 1907 til borgunardags og 50 kr. í málskostnað. Um ómerking ummæla í varnarskjölum stefnda fyrir aukaréttinum á aukaréttardómurinn að vera óraskaður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 39/1908:

Sigfús Pétursson

gegn

skiftaráðandanum í Húnavatnssýslu
fyrir hönd dánarbús Ólafs
Ólafssonar frá Háagerði.

D ó m u r :

Áfryjandinn Sigfús bóndi Pétursson á Torfastöðum höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Húnavatnssýslu gegn Ólafi bónda Ólafssyni í Háagerði, sem síðar er látinn,